



**Ávarp forseta Íslands  
Ólafs Ragnars Grímssonar  
á málþingi Umsjónarfélags einhverfa  
„Hér leynist fólk”  
9. nóvember 1997**

Heiðruðu málþingsgestir.

Við Íslendingar eigum í hugum okkar og hjörtum sjálfsmynd sem oft hefur reynst okkur vel þegar erfiðleika ber að garði og lífið tekur óvænta stefnu sem reynir á þolgæði hvers og eins.

Við horfum þá gjarnan til þeirrar hefðar sem tengir okkur saman, hvert og eitt, áréttar að svo náin eru böndin að við erum nánast sem ein fjölskylda.

Þótt reynsla margra geymi vissulega dæmi um einsemd í erfiðleikum og skilningsleysi meðborgara þá er sem betur fer víða að finna sönnun þess að samkenndin er ríkur þáttur í fari hinnar íslensku þjóðarfjölskyldu.

Ég hef löngum talið það blessun að vera um skeið alinn upp í litlu vestfirsku sjávarplássi hjá afa mínum og ömmu, þótt orsökkin hafi verið langvarandi veikindi móður minnar. Mannlíf þorpsins átti sér samhug og takt þar sem erfiðleikar sérhvers íbúa urðu að örlagareynslu allra hinna.

Í daglegri önn stórborgarinnar sem vaxið hefur héðan úr Kvosinni er þessi arfur stundum ærið fjarlægur en þó þegar á reynir er viljinn til hjálpar ærið ríkur um samfélagið allt þótt á stundum gangi hægt að virkja hann til verka.

Á undanförunum árum hefur eflst sá skilningur að allir í hinni íslensku stórfjölskyldu eigi rétt á að öðlast þekkingu og þroska, að þjónusta og þjálfun í þágu þeirra sem við fötlun búa sé sjálfsagður þáttur í þeirri samfélagsgerð sem við viljum festa í sessi.

Vissulega hefur oft verið á brattann að sækja í þessari baráttu en þá hafa samtök einstaklinga ráðið úrslitum um árangur, skapað þann skilning sem nauðsynlegur er til að nýjar aðferðir hljóti brautargengi.

Umsjónarfélag einhverfa minnst um þessar mundir 20 ára starfsafmælis. Félagið hefur skilað þrekvirki í að auka þekkingu almennings og áhrifaaðila, stuðlað að betri þjónustu í þágu einhverfa, eftl þá þjálfun sem hverjum og einum hæfir best.

Fyrir það merka framlag ber að þakka á þessum degi.

Umsjónarfélagið hefur miðlað reynslu, aukið bjartsýni og viljastyrk allra sem hlut eiga að máli. Það hefur gert erlenda þekkingu, lífssögur og lækningaaðferðir aðgengilegar fyrir íslenskar fjölskyldur og á margvíslegan hátt hefur svo glíman hér heima orðið að framlagi til alþjóðlegrar samhjálp.

Á málþinginu hér í dag er enn starfað í þessum anda og lífsreynsla systkina og foreldra gerð að uppsprettulind öðrum til lærdóms og hjálpar. Við verðum frædd um fötlun einstaklings og erlendir gestir, höfundar merkrar bókar um einstaka ævi, veita nýja sýn á þá sigra sem unnist geta.

Enginn okkar veit hvað lífið ber í skauti sér. Skyndilega erum við kölluð til að glíma við sjúkdóma, erfiðleika ástvina og ættingja, fötlun bróður, systur eða vinabarns. Stundum leikur allt í lyndi um skeið og lífsþrautir þá jafnfjarri og frostnótt á hásumri. En ævin er okkur öllum ganga, boðleið um ókunnar slóðir, skin og skúrir skiptast á, torfærur oft erfiður vegartálmi. Þá reynir á hvert okkar, samstöðuna og samhjálpina, stuðninginn og úthaldið.

Umsjónarfélag einhverfa hefur fært okkur fordæmi til eftirbreytni, sýnt hvernig vilji og samstarf, fórnþýsi og leit að þekkingu og nýjum þjálfunaraðferðum skilar árangri og umbótum, skapar ótal gleðistundir.

Við Guðrún Katrín samgleðjumst ykkur á afmælisári og óskum ykkur til hamingju með þann árangur sem náðst hefur.

Megi þjóðin öll sýna í verki að hún hefur tileinkað sér þekkingu og skilning á lífi og þörfum einhverfa og metur að verðleikum hvernig umsjónarfélagið heldur í heiðri bestu eiginleikana í íslenskri samhjálpahefð:

Að fjölskylda eins sé fjölskylda allra, að saman hjálpum við hvert öðru að sigrast á þeim erfiðleikum og þolraunum sem ævin kann að færa okkur, að mikilvægt er að efla þá eiginleika sem gera öllum kleift að njóta þeirrar gleði sem lífið getur boðið.